

Fagráð í hrossarækt

64. fundur

Staður og stund: Bændahöllin v/Hagatorg fimmtudagur 7. nóvember 2013 kl. 10:15.

Mættir: Kristinn Guðnason (formaður), Guðlaugur V. Antonsson (ritari), Vignir Siggeirsson, Sigrún Ólafsdóttir, Víkingur Gunnarsson, Ísleifur Jónasson og Baldvin Ari Guðlaugsson. Guðný Helga Björnsdóttir hafði tilkynnt forföll.

Dagskrá

1. Fundarsetning og lögð fram fundargerð nr. 63 frá 7. október 2013 til samþykktar og undirritunar
2. Nefndafundir FEIF í Malmö
3. Siðareglur varðandi kynbótasýningar
4. Ráðstefnan "Hrossarækt 2013"
5. Stofnvernd íslenska hestsins – erindi frá Hrossaræktarsamtökum Suðurlands
6. Heilbrigðisskoðun kynbótahrossa
7. Önnur mál

1. Fundarsetning.

Formaður setti fundinn og lagði fram fundargerð nr. 63 frá 7. október til samþykktar og undirritunar, var hún samþykkt samhljóða.

2. Nefndafundir FEIF í Malmö.

Nefndafundir FEIF höfðu verið haldnir í Malmö í Svíþjóð 25. – 27. október.

Guðlaugur, Sigbjörn Björnsson og Þorvaldur Kristjánsson höfðu setið fundi ræktunarnefndar og dómarnefndar og Anna Guðrún Grétarsdóttir, Hallveig Fróðadóttir og Jón Baldur Lorange fundi WorldFengs skrásetjara.

Á fundunum var ýmislegt rætt sem er í farvatninu. Fram kom að sett hefur verið á stofn velferðarnefnd innan FEIF, í henni eiga sæti Sigurborg Daðadóttir yfirdýralæknir frá Íslandi og tveir erlendir dýralæknar.

Á næsta aðalfundi FEIF munu þeir hætta störfum Jens Iversen formaður og Marko Mazeland sem verið hefur sportleiðtogi FEIF um árabil. Marlise Grimm hafði einnig ráðgert að hætta sem ræktunarleiðtogi en hefur verið beðin að sitja áfram.

Námskeið fyrir starfandi FEIF kynbótadómara verður haldið á Íslandi í vor, aukið samræmi við dómgæslu verður þar megin þemað.

Áfram verður haldið á þeirri braut að halda námskeið fyrir unga knapa sem áhuga hafa á kynbótasýningum. Á árinu 2014 er ráðgert slíkt námskeið í miðevrópu og jafnvel á Íslandi. Ráðgert er einnig að halda alþjóðlegt námskeið í unghrossadómum og verður það væntanlega í Þýskalandi.

Mikið var rætt um kynbótasýningar á fundunum. Kom fram að talsverður munur er á sýningargjöldum milli landa og eru gjöldin hvað lægst á Íslandi. Víða í Evrópu eru kynbótasýninarnar það smáar að menn reyna að hafa annan viðburð um leið s.s. gæðingakeppni eða skeiðkappreiðar, nefnt var að einnig mætti velta fyrir sér námskeiðum um dóma í þessu samhengi.

Fram kom að sú tillaga sem rædd var í fyrravetur um að fjölga þeim hrossum á sýningu þar sem tveir dómara duga úr 25 í 35 verður væntanlega lögð fyrir aðalfund FEIF í vetur þó ljóst sé að skoðanir séu skiptar í málinu.

Rætt var hvort setja ætti ákveðið skilyrði fyrir lágmarksfjölda hrossa á kynbótasýningum. Ekki var samstaða um annað en að þetta yrði í höndum hvers lands enda aðstæður mjög mismunandi.

Lögð var áhersla á að sú nýbreytni sem upp var tekin á Íslandi síðastliðið sumar þ.e. að skráningar á sýningar fari fram beint í gegnum internetið verði einnig tekin upp í öðrum FEIF löndum í framtíðinni.

Í framhaldi af umræðum á síðustu árum og einnig nú um mikilvægi þess að allar aðstæður við kynbótasýningar séu staðlaðar og eins var tekið til umræðu hvort æskilegt væri að samræma enn frekar en nú er hvenær einkunnir við dóma eru lesnar upp. Endanlega niðurstaða fékkst ekki málið en ljóst er að skoðanir eru mjög skiptar um málið milli FEIF landanna.

Til tals kom ætlaður mismunur milli landa í dómsniðurstöðum. Samkvæmt Elsu Albertsdóttur er sá munur nokkur en í fljótu bragði meira bundin við einstakar sýningar heldur en lönd. Eins og áður sagði var ákveðið að megin þema endurmenntunarnámskeiðs dómara í vetur snúi að þessu máli en helsta lausn sem menn sjá fyrir utan samræmingarnámskeið eru meiri skipti á dómurum milli landa. Fram kom að ýmsir telja ferli gefinna áminninga ekki nógu skýrt varðandi kynbótasýningar. Ef réttu ferli er fylgt eiga áminningar að berast til ræktunarleiðtoga FEIF og þaðan á heimasíðu samtakanna.

Nokkuð var rætt um hvort æskilegt væri að skipta áverkum við heilbrigðisskoðun meira niður og þá í þrjú flokka. Skiptar skoðanir voru um það mál enda hafði niðurstaðan orðið tveir flokkar eftir miklar vangaveltur á Íslandi.

Ákveðið var að leggja til að settur yrði upp bann listi (rauður listi) yfir bannaðan reiðbúnað við kynbótasýningar.

Spurt var hvort æskilegt væri að þjálfari væri einnig skráður og hann komi fram í sýningarskrá rétt eins og knapi. Aðalvandamálið við þessa hugmynd er spurningin um tímamann sem á að miða við varðandi hver telst þjálfari.

Sagt var frá vinnu við nýjar framkvæmda og siðareglur varðandi kynbótasýningar sem unnið væri að á Íslandi. Fram kom sú skoðun hjá erlendum fulltrúum á fundunum að best bæri að slíkar reglur giltu einnig erlendis.

Rætt var um fótabúnað kynbótahrossa, allir voru sammála um að ekki ætti að auka þyngd á fótabúnaði og fram kom hugmynd um að einungis ætti að leyfa “klukkur” en ekki hælhlífar. Slíkt myndi án efa draga úr áverkum á hælum og hófum. Þá var rætt hvort koma mætti höndum yfir fótabúnað á almennum stóðhestasýningum svo þeir gripir gæfu betri mynd af eðlisgæðum sínum.

Samdóma álit fundarmanna var að setja þyrfti sameiginlegar reglur um fósturvísa flutninga og klónun hjá íslenska hestinum. Settir voru niður á blað eftirfarandi töluliðir sem verða til umræðu hjá FEIF þjóðunum.

1. Klónun er ekki leyfð á íslenska hestinum.
2. Aðeins séu leyfðar íslenskar meðgöngumæður.
3. Báðar mæður séu skráðar í WF.
4. Báðar mæður séu DNA greindar.
5. Ekki séu leyfð fleiri en 2 afkvæmi með fósturvísunum á ári hjá hverri hryssu auk hennar eigin folalds.

Fram kom að samkvæmt samantekt sem Þorvaldur Kristjánsson hefur gert á mælingum kynbótahrossa samanborið við hæfileikaeinkunnir þá væri æskilegt að tekin verði upp mæling á lægsta punkti á baki hjá hryssum á sama hátt og hjá stóðhestum. Þorvaldur er með í undirbúningi grein í fagtímarit um málið.

Umræður voru nokkrar um vandamál við mat á vilja og þó einkum geðslagi.

Samþykkt var að taka þá umræðu upp á ræktunarleiðtogafundi í vetur.

Hófaverkefni það sem hefur verið í gangi í samvinnu FEIF og svissneskra aðila er nú langt komið. Með verkefninu ættu að fást svör við ýmsum spurningum varðandi járnningar hjá okkur og þróun þeirra mála til góðs eða illis.

Samdóma álit fulltrúa á ræktunar- og dómarafundum var að kynbótasýningar ættu heima á HM.

Pau ánægjulegu tíðindi bárust af vettvangi sportgeirans að fram yrði lögð tillaga á vettvangi FEIF um að skáreimin við stangarbeisli sem mikið var í umræðunni á síðustu árum yrði tekin upp aftur í keppni. Engin ný rök hafa komið fram hvað skáreimina varðar sem hnekkja þeirri skoðun kynbótageirans að bann við henni hafi verið án haldbærra raka.

Fagráðsfólk ræddi framkomnar upplýsingar frá fundunum frá mörgum hliðum og var í heildina sátt við niðurstöður þó einhver málefni þurfi að slípa til auk þess sem skiptar skoðanir eru í fagráði hvað varðar hvort leyfa eigi meiri fótabúnað til varnar ákverkum, meirihluti er því þó mótfallinn.

3. Siðareglur varðandi kynbótasýningar.

Svo sem fram hefur komið í fundargerðum fagráðs og víðar varð allmikil umræða á vettvangi íslenskrar hrossaræktar um að setja þyrfti kynbótasýningum vandaðri siðareglur en þær sem við líði hafa verið. Á haustdögum setti fagráð í gang vinnu við verkefnið. Fyrir fagráðsfundinn voru lögð drög að siðareglum sem fagráðsmenn höfðu haft til skoðunar. Niðurstaðan varð að leggja eftirfarandi tillögur að siðareglum fyrir aðalfund Félags hrossabænda.

Siðareglur varðandi kynbótasýningar.

Kynbótasýningar hrossa byggja á lögum um búfjársýningar á vegum Bændasamtaka Íslands og reglugerð um uppruna Íslenska hestsins. Eftirfarandi vinnureglur kveða á um ábyrgð, vinnubrögð og samskipti starfsmanna og þátttakenda á kynbótasýningum. Þá eru einnig sett fram viðmið um hæfi dómara gagnvart hugsanlegum hagsmunaárekstrum. Þessar reglur miða að því að kynbótasýningar séu faglega traustur og hvetjandi vettvangur til heilla fyrir ræktunarstarfið.

Vinnureglur þessar eru leiðbeinandi en geta ekki verið forsenda þess að dómur sem ákveðinn hefur verið af dómnefnd verði ógiltur eða honum breytt.

Eigandinn hefur þann valkost að fá endurdóm á hrossið á annarri sýningu.

Ferli umkvartana og agabrota auk hugsanlegra viðurlaga við þeim er útskýrt í reglunum.

Reglur um starfsmenn við kynbótadóma hrossa:

- Starfsmenn skulu fylgja þeirri grundvallarreglu að störf þeirra veki traust og virðingu. Þeir stundi fagleg vinnubrögð, tryggji jafnræði allra þátttakenda og styrki samstarf og samvinnu starfsmanna, eigenda og knapa.

- Starfsmenn skulu leitast við að auka faglega þekkingu sína.
- Starfsmönnum ber að fara eftir lögum og reglum sem gilda um kynbótasýningar.
- Dómari komi ekki að dómstörfum ef aðalstarf hans er við hrossahald s.s. (ræktun, sölu eða stóðhestahald).

Dómari víki úr dómnefnd ef:

- Dómari er hluthafi í, fyrrverandi eða núverandi eigandi að viðkomandi hrossi eða foreldris/foreldara þess.
- Dómari er ræktandi að hrossinu eða foreldris/foreldra þess.
- Dómari hefur tamið eða þjálfað hrossið.
- Dómari er eða hefur verið maki sýnanda, eiganda eða ræktanda eða er skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða blóðtengdur að öðrum lið.
- Dómari hefur beinan fjárhagslegan ávinning af dómi hrossins.
- Dómari hefur eða mun greiða viðkomandi knapa, eiganda eða ræktanda laun eða eiga önnur fjárhagsleg viðskipti við hann á yfirstandandi ári.
- Dómari er í aðalstarfi sínu undirmaður sýnanda, eiganda eða ræktanda hrossins.

Dómstörf.

- Fordómalaus vinnubrögð séu ávallt höfð í heiðri.
- Góð framkoma, kurteisi, hógværð og hlutleysi sé haft í heiðri.
- Símanotkun dómara sé takmörkuð við eðlileg samskipti formanns dómnefndar við starfsmenn sýningar.

Ábyrgð formanns dómnefndar.

- Hann ber ábyrgð á framkvæmd dóma á viðkomandi sýningu.
- Hann ber ásamt sýningarstjóra ábyrgð á að vellir, önnur aðstaða, mælingar og heilbrigðsskoðanir standist gæði og reglur.
- Hann skal sjá til þess að bæði íslenskum sérreglum og alþjóðlegum FIZO reglum sé fylgt.
- Hann skal sjá til þess að dómstörf gangi hratt og vel fyrir sig og að niðurstaða fáiist.

Ferli agabrota/kvartana.

- Stig 1. Ábyrgðarmaður hrossaræktar hjá RML. Stig 2. Fagráð í hrossarækt. Stig 3. Fagstjóri búfjarræktar. Eftir eðli og umfangi brots.
- Ábyrgðarmaður hrossaræktar hjá RML getur áminnt dómara eða vísað frá dómstörfum til styttri eða lengri tíma sé reglum ekki fylgt.
- Ábyrgðarmaður hrossaræktar er vanhæfur til að fjalla um agabrot/kvartanir á hærra kærustigi hafi hann áður tekið þátt í meðferð málsins á lægra stjórnsýslustigi.
- Ábyrgðarmaður hrossaræktar er vanhæfur til að fjalla um mál hafi hann slík tengsl við málið sem er til meðferðar að það geti haft áhrif á meðferð máls. Þ.e. er aðili máls, fyrirsvarsmáður eða umboðsmáður aðila eða ef hann hefur nán fjölskyldutengsl við aðila.

Reglur um knapa og umráðamenn:

- Knapar sýni þrúðmannlega reiðmennsku.

- Knapar og umráðamenn sýni kurteisi og háttvísi í framkomu.
- Við brot á þessum reglum getur dómnefnd veitt knöpum og/eða umráðamönnum áminningu eða vísað frá sýningu.

4. Ráðstefnan “Hrossarækt 2013”.

Rætt var um ráðstefnuna sem verður laugardaginn 16. nóvember í Sunnusal Hótel Sögu. Ekki hefur gengið eftir að fá annan fyrirlesara en Rúnar Þór Guðbrandsson en hann mun flytja erindi um markaðsmál.

Dagskrá ráðstefnunnar er eftirfarandi:

- Ráðstefnustjóri: Víkingur Gunnarsson
- 13:00 Setning - Kristinn Guðnason formaður Fagráðs í hrossarækt
- 13:05 Hrossaræktarárið 2013 – Niðurstöður kynbótamats
Guðlaugur V. Antonsson, hrossaræktarráðunautur RML
- 13:30 Heiðursverðlaunahryssur með afkvæmum 2013
- 13:45 Verðlaun, hæsta aðaleinkunn ársins (aldursleiðrétt)
- 13:50 Verðlaun, knapi með hæstu hæfileikaeinkunn ársins (án áverka)
- 14:00 Erindi um markaðsmál; Rúnar Þór Guðbrandsson
- 14:50 Tilnefningar og verðlaun fyrir ræktunarmann/menn ársins 2013
- 15:10 Kaffihlé
- 15:40 Umræður um ræktunarmál almennt
- 17:00 Ráðstefnuslit

5. Stofnvernd íslenska hestsins – erindi frá Hrossaræktarsamtökum Suðurlands.

Borist hafði tillaga sem samþykkt hafði verið á aðalfundi Hrss 20. febrúar síðastliðinn vetur, tillagan hljóðar svo:

Aðalfundur Hrossaræktarsamtaka Suðurlands, haldinn í Hliðskjálfi á Selfossi, miðvikudaginn 20. febrúar 2013, skorar á Fagrád í Hrossarækt að taka til umræðu og úrvinnslu stofnvernd íslenska hestsins.

Nauðsyn er að stofnvernd íslenska hestsins verði markviss og víðtæk og miði m.a. að því að verja hann fyrir innflutningi sjúkdóma, óafturkræfum áhrifum af ræktun og dómum og að koma í veg fyrir minnkun erfðabreiddar eða erfðafjölbreytileika, samanber meðfylgjandi greinargerð, samda af stjórn samtakanna ásamt Páli Imsland.

Tillögunni fylgdi greinargerð þar sem minnst er á marga þætti sem taka þyrfti tillit til við stofnvernd íslenska hestsins.

Málið var tekið fyrir og rætt í fagráði. Fagrád tekur undir að ávallt þurfi að halda vöku sinni á öllum sviðum fyrir verndun íslenska hrossastofnsins.

6. Heilbrigðisskoðun kynbótahrossa.

Til fundar við fagrád hafði verið boðið þeim dýralæknunum Sigurborgu Daðadóttur, Sigríði Björnsdóttur, Páli Stefánssyni og Grétari Hrafni Harðarsyni og hrossaræktarráðunautinum og sýningarstjórnum Pétri Halldórssyni. Tilgangurinn var að ræða heilbrigðisskoðun kynbótahrossa við dóma. Hvernig staða þeirra mála væri í dag, helstu niðurstöður og framtíðarplön. Sérstakt umræðuefni var mismunandi túlkun á alvarleika áverka milli sýningarstjóra og dýralækna á síðasta sumri.

Farið var yfir gögn varðandi heilbrigðisskoðun og skoðaðar myndir af áverkum frá árunum 2012 og 2013.

Fjölbreytt umræða spannst í kjölfarið um ýmsar hliðar vandamálsins og hvað væri helst til ráða. Í megin atriðum voru dýralæknarnir sáttir við þá heilbrigðisskoðun sem tekin hefur verið upp á kynbótasýningum, nú síðasta sumar einnig hjá flestum öðrum

FEIF þjóðum. Þó var nefnt að betur mætti gera í að upplýsa dýralækna um eftir hvaða kerfi væri unnið og til hvers væri ætlast af þeim ef álitamál varðandi áverka kæmu upp, skerpa þurfi á þeim skilningi fagráðsmanna að verið sé að votta möguleika á reið á fullum afköstum á yfirlitssýningu næsta dag á eftir. Þá mætti velta fyrir sér hvort ákveðinn skilgreindur hópur dýralækna ætti einvörðungu að koma að þessum málum. Einnig kom fram að nú hefðum við orðið úr talsverðum gögnum að móða og því væri orðið mun betri grundvöllur til frekar rannsókna á þessu sviði t.d. varðandi samhengi álags og áverka, sýningarforms o.s.frv.

Skiptar skoðanir eru í fagráði hvort leyfa eigi meiri fótabúnað á kynbótahrossum til að verjast áverkum, meirihluti er þó mótfallinn slíkri breytingu.

Fram kom hjá Sigurborgu að samkvæmt dýraverndarlögum væri óheimilt að meðhöndla dýr á þann hátt að á þeim sæji, því væri ljóst að sú tíðni áverka sem nú er á hrossum við kynbótasýningar er óásættanleg. Það er hinsvegar ósk Sigurborgar að greinin sjálf geti tekið á þessu máli innan sinna raða þannig að til opinberra afskipta þurfi ekki að koma.

7. Önnur mál.

Ekki lágu fyrir nein mál undir þessum lið en rætt var um að nú væru fyrirsjáanlegar breytingar í forsvari hrossaræktarmálefna þar sem Kristinn Guðnason formaður fagráðs og Félags hrossabænda væri að hætta og einnig væri Guðlaugur Antonsson hrossaræktarráðunautur að fara í ársleyfi. Eitt framboð er nú þegar komið fram hvað varðar formann Félags hrossabænda en allt er enn óljóst hvað varðar hrossaræktarráðunautinn og kom fram í máli fagráðsmanna að þeir hefðu áhyggjur af stöðunni ekki síst þegar landsmótsár væri framundan.

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundu slitið kl. 17:00.

Guðlaugur V. Antonsson
ritari fagráðs í hrossarækt.